

Ársskýrsla og staðtölur

2014



Sjúkratryggingar
Íslands



Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	2
Hlutverk Sjúkratrygginga Íslands	4
Mannauður	5
Skipurit	6
Lykiltölur 2014	9
Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2014	10

Sjúkratryggingar

Tafla 1.1	Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2004-2013, milljónir kr.	16
Tafla 1.2	Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2010-2014, í milljónum kr.	17

Lyf

Tafla 1.3	Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2012-2014, millj. kr.	18
Tafla 1.4	Lyfjaútgjöld SÍ, 25 kostnaðarmestu lyfjaflokkarnir 2013-2014, millj. kr.	19
Tafla 1.5	Lyfjaútgjöld og greiðsluþátttaka SÍ eftir kyni og aldri 2013-2014	20
Tafla 1.6	Lyfjaútgjöld SÍ í fjórum kostnaðarmestu lyfjaflokkunum eftir aldri og kyni, kr.	22

Lækniskostnaður

Tafla 1.7	Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2014	24
-----------	---	----

Tannlækningar

Tafla 1.8	Fjöldi sjúklunga og útgjöld sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga 1995-2014	37
Tafla 1.9	Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarþátttöku SÍ 1998-2014	39

Hjálpartæki

Tafla 1.10	Hjálpartæki og næring, útgjöld flokkuð niður á útgjaldaflokkum 2006-2014, milljónir króna	40
Tafla 1.11	Dæmi um úthlutun nokkurra hjálpartækja og útgjöld vegna þeirra 2006-2013	44

Þjálfun

Tafla 1.12	Fjöldi sjúklunga og komur til sjúkráþjálfara ásamt útgjöldum sjúkratrygginga 2012-2014	45
Tafla 1.13	Fjöldi sjúklunga í talþjálfun og fjöldi koma/skipta 2011-2014	47
Tafla 1.14	Fjöldi sjúklunga í iðjuþjálfun og fjöldi koma/skipta 2011-2014	48

Annað

Tafla 1.15	Fjöldi sjúkrafluga 2012-2014	49
------------	------------------------------	----

Slysatryggingar

Tafla 2.1	Helstu útgjaldaflokkar eftir greiðsluflokkum 2008-2014, þús. kr.	51
Tafla 2.2	Helstu útgjaldaflokkar eftir tryggingaflokkum 2008-2014, þús. kr.	52
Tafla 2.3	Fjöldi þeirra sem metnir hafa verið 10-49% öryrkjar í kjölfar slyss 2005-2014	52
Tafla 2.4	Greiðslur flokkaðar eftir tegund greiðslu 2009-2014, kr.	54
Tafla 2.5	Tilkynnt slys, flokkuð niður á tegund tryggingar 1997-2014	54

Sjúklingatrygging

Tafla 3.1	Sjúklingatrygging, fjöldi mála 2007-2014	56
-----------	--	----

Ársreikningar 2014

Sjúkratryggingar Íslands	60
Sjúkratryggingar	72
Slysatryggingar	86
Sjúklingatrygging	96



Steingrímur Ari Arason,
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Inngangur forstjóra

Á árinu var áfram unnið að breytingum á skipulagi Sjúkratrygginga Íslands. Nýtt þjónustuver komst í gagnið 1. janúar og 1. maí færðist símaþjónustan til Sí frá Tryggingastofnun ríkisins. Lokið var við gerð stofnanasamninga sem náðu til allra starfsmanna, unnið að innleiðingu þeirra og umsömdum breytingum á fyrri hluta ársins. Að mörgu var að hyggja, enda langt um liðið frá síðustu samningum, og reyndi mjög á samstarfsnefndir starfsmanna. Mest um vert var að farsæl niðurstaða náðist að lokum með gagnsærri launasetningu og góðum grunni að frekara samstarfi í starfsþróunarmálum, svo eitthvað sé nefnt. Um haustið tóku forstjóri, sviðsstjórar og deildarstjórar þátt í stjórnendabjálfun, sem með árangursríkum hætti var tengd öðrum verkefnum innan stofnunarinnar. Markmiðið var að styrkja úrvinnslu meginverkefna, forsendur starfsmannasamtala og almennt að auka samhæfingu og fagmennsku í öllu starfi stjórnenda og annarra starfsmanna.

Heilbrigðisráðherra kom í „opinbera“ heimsókn 8. apríl ásamt fylgdarliði. Kristján Þór Júlíusson var þar með fimmti ráðherrann sem heimsótti Sí á þeim rúmlega fimm árum sem liðin voru frá því stofnunin tók til starfa. Ný stjórn undir forystu Björns Zoëga, bæklunarskuðlæknis, tók til starfa 15. ágúst, en þá rann út skipunartími

fráfarandi stjórnar. Af því tilefni að 1. október 2014 voru 6 ára liðin frá stofnun Sí var gefið út stutt kynningarrit um hlutverk og starfsemi Sí. Jafnframt var tækifærið notað til að minna á gildi stofnunarinnar: Virðing, fagmennska og framsækni.

Eins og undanfarin ár var rík áhersla lögð á hagræðingu í rekstri og að hagnýta upplýsingatæknina eftir fremsta megni. Möguleikarnir á því sviði sýnast óþrjótandi og á mörgum sviðum væri hægt að taka stærri skref, ef tími og fjármunir leyfðu. Um vorið var lokið við að innleiða rafræna reikninga frá tannlæknum og móttöku reikninga á pappír hætt. Innsláttur á reikningum hjá starfsmönnum Sí og umboðanna um allt land lagðist þar með af, en á árinu 2013 bárust Sí rúmlega 150 þúsund reikningar vegna tannlækninga. Ekki minnst um vert var þó að samhliða rafrænu skilunum var hægt að upplýsa tannlækna um tryggingarstöðu sjúkratryggðra og yfirfara forsendur reikninganna áður en þeir voru móttækir hjá Sí. Mikil handavinna sem tengdist eftirliti, leiðréttingum og endursendum reikningum heyrði því sögunni til. Með þessi atriði að leiðarljósi var einnig á árinu unnið að rafvæðingu umsókna um greiðsluþátttöku vegna langtímameðferða í sjúkrabjálfun og vegna tannréttinga.

Í samningamálum var víða komið við á árinu, en hæst bar samninga við

sérgreinalækna, sjúkrabjálfa og við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna sjúkraflutninga. Eins og gerð var grein fyrir í síðustu ársskýrslu var undirbúningur samnings við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna eitt af stóru verkefnum samninganefndar Sí á árinu 2013. Undirritun samningsins 3. desember 2013 var því merkur áfangi og mikil réttarbót fyrir sjúkratryggðna. Læknar höfðu verið án samnings frá apríl 2011 og kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra hækkað að meðaltali úr 28% í 42%. Samningurinn, sem var til fimm ára, tók gildi 1. janúar 2014. Taxtahækkunin var á hinn bóginn umdeild meðal læknanna, sem töldu margir að hún hefði þurft að vera meiri. Það var í raun ekki fyrr en 1. apríl 2014 sem síðasti sérgreinalæknahópurinn kom inn á samninginn, en þá voru samtals 327 læknar orðnir aðilar að honum. Þegar til kastanna kom reyndist samningurinn umdeildari utan læknahópsins, en reiknað hafði verið með.

”Eins og undanfarin ár var rík áhersla lögð á hagræðingu í rekstri og að hagnýta upplýsingatæknina eftir fremsta megni. Möguleikarnir á því sviði sýnast óþrjótandi og á mörgum sviðum væri hægt að taka stærri skref, ef tími og fjármunir leyfðu.

Við undirritun sameiginlegrar viljayfirlýsingar sérgreinalækna og heilbrigðisráðherra í júní 2013 var gengið út frá að kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra myndi ekki lækka strax til fyrra horfs. Til þess þyrftu árleg framlög úr ríkissjóði að hækka um 1.300 m.kr. og því viðbúið að fjárveitingu af þeirri stærðargráðu þyrfti að innleiða í áföngum.

Þrátt fyrir að fjárveiting til að standa undir minni gjaldtöku af sjúklingum hafi ekki fengist í fjárlögum 2014 var kostnaðarhlutdeildin lækkuð og farið inn í árið með nýja samninginn án fullrar fjármögnunar. Viðkvæm staða á vinnumarkaði auðveldaði ekki lausn málsins og margvísleg áform tengd samningnum fóru í biðstöðu. Ekki bætti úr skák að í fjárukalögum 2014 var horft fram hjá fjárvöntuninni. Við afgreiðslu þeirra var látið nægja að greina frá hallanum og að samkvæmt forsendum fjárlaga næsta árs ætti að ná endum saman með því að hækka kostnaðarhlutdeild sjúklinganna. Fjármögnunarvandinn varpaði skugga á samninginn og þá staðreynd að með honum tókst ríkinu með hagkvæmum hætti að tryggja sjúkratryggðum greiðan aðgang að mikilvægri heilbrigðisþjónustu.

Sjúkrabjálfarar sögðu upp sínum samningi við SÍ frá og með 1. febrúar 2014, en samtals náði hann til um 340 sjálfstætt starfandi sjúkrabjálfara. Í aðdraganda samningaviðræðna höfðu sjúkrabjálfarar gagnrýnt harðlega breytingu á reglugerð þess efnis að greiðslupátttaka SÍ yrði háð formlegri beiðni frá lækni. Nýr samningur var undirritaður 31. janúar 2014, en með sérstökum og óvenjulegum fyrirvara, en rétt fyrir undirritunina kom tilkynning frá fjármála og efnahagsráðherra þess efnis að leggja ætti fram lagafrumvarp um lækkun á gjaldskrá ríkisins og

setja á fót fastanefnd til að vinna gegn verðhækkunum.

Tíu dögum eftir gerð samningsins hafnaði ráðherra að staðfesta hann. Sjúkrabjálfarar ákváðu þá að starfa ekki lengur samkvæmt eldri samningi og innheimta í staðinn fullt gjald fyrir þjónustuna af einstaklingunum. Hinn 11. febrúar gaf heilbrigðisráðherra síðan út sérstaka reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrabjálfunar utan samnings.

Nýr samningur var undirritaður og tók gildi 14. febrúar 2014 með hefðbundnum fyrirvörum um staðfestingu heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Sjúkratryggðir þyrftu því einungis að leggja út fyrir fullu gjaldi og sækja endurgreiðslu til SÍ vegna sjúkrabjálfunar dagana 11. til 13. febrúar. Samningurinn var til fimm ára, heildarkostnaður hans á ári um 3.230 m.kr., þar af hluti SÍ um 1.790 m.kr. Til að brúa bilið á milli fjárveitinga og kostnaðar SÍ var samhliða samningnum gerð breyting á reglugerð um greiðslupátttöku sjúkratryggðra. Í stað 80% heildarverðsins var almennum sjúklingum gert að greiða að fullu fyrir fyrstu fimm meðferðarskiptin á hverju ári.

Með bréfi heilbrigðisráðherra, dags. 4. júní 2014, var SÍ falið að gera samning um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu og að semja um rekstur sjúkrabifreiða til flutninganna. Erindið barst SÍ eftir að aðkoma ráðgjafa og viðræður á vegum velferðarráðuneytisins höfðu ekki borðið árangur, en sjúkraflutningunum hafði þá verið sinnt af hálfu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) frá ársbyrjun 2012 án samnings. Samkvæmt bréfi ráðherra áttu SÍ jafnframt að kanna hvernig flutningunum yrði best hagað á svæðinu og hvort mögulegt væri að fela sama aðila flutningana og rekstur

bifreiðanna. Til viðbótar greiðslum skv. fjárlögum þyrfti að taka tillit til greiðslna fyrir millispítalaflutninga og utanbæjarflutninga, svo og heimildar flutningsaðila til að innheimta gjald af ósjúkratryggðum.

Umfang og forsaga málsins krafðist verk- og tímaætlunar sem náði til ársloka 2014 og var stefnan sett á gerð samnings til bráðabirgða við SHS um þjónustuna frá og með 1. júlí 2014. Að öðrum kosti myndu SÍ setja einhliða sérstaka endurgreiðslugjaldskrá fyrir bráðaflutninga með sjúkrabifreiðum og var reglugerð sem heimilaði gjaldskrána sett 30. júní 2014. Alvara málsins var þannig undirstrikuð og jafnframt leitast við að eyða óvissu um greiðsluskyldu ríkisins vegna sjúkraflutninganna. Í framhaldinu tókust samningar milli SÍ og SHS til næstu níu mánaða. Með undirritun þeirra vonuðust báðir aðilar til að búið væri að leggja grunn að samstarfi um sjúkraflutningana og langtímasamningi sem gæti tekið gildi fyrir 1. apríl 2015. Einnig voru aðilar sammála um að stefna að sérstöku uppgjöri um haustið vegna „fortíðarvandans“, þ.e. um þjónustu SHS fyrir árin 2012, 2013 og fram til 1. júlí 2014.

Langtímasamningur (til ársloka 2020) um sjúkraflutningana milli SHS og SÍ náðist í lok október 2014 og leysti hann bráðabirgðasamkomulagið af hólmi frá og með 1. janúar 2015. Við undirritunina sagði heilbrigðisráðherra samninginn kærkominn eftir langvarandi óvissu. Samhliða undirskriftinni var gengið frá uppgjöri vegna „fortíðarvandans“ og niðurfellingu dómsmáls, sem SHS hafði höfðað gegn íslenska ríkinu vegna greiðslna fyrir veitta þjónustu í samningsleysinu.

Hlutverk Sjúkratrygginga Íslands

Að tryggja aðgang að góðri og hagkvæmri heilbrigðisþjónustu

Sjúkratryggingar Íslands starfa samkvæmt lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar sem tóku gildi þann 1. október 2008. Stofnunin heyrir undir velferðarráðherra og annast framkvæmd sjúkratrygginga. Jafnframt semur hún um og greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu.



Gildi Sjúkratrygginga Íslands

Virðing

Við berum hag viðskiptavina fyrir brjósti

Við berum virðingu fyrir

samstarfsmönnum og verkefnum okkar og leggjum okkur fram um að vinna sem liðsheild

Fagmennska

Við beitum öguðum vinnubrögðum sem endurspeglast í traustri þjónustu

Við byggjum upp og nýtum þekkingu okkar til að veita þjónustu sem einkennist af sanngirni, jafnræði og gegnsæi

Framsækni

Við leitum sífellt leiða til að gera betur og vinnum markvisst með hugmyndir að umbótum

Við lítum á áskoranir sem tækifæri og erum jákvæð gagnvart breytingum

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands er skipuð af heilbrigðisráðherra.

Formaður stjórnar er Björn Zoëga.

Aðrir stjórnarmenn eru:

Birna Kr. Svavarsdóttir, Guðmundur Magnússon, Berglind Hallgrímsdóttir og Helga Tatiana Zharov.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

Stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi

stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.



Formaður stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar skal reglulega gera ráðherra grein fyrir

starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.




Mannauður 2014

Í lok árs 2014 voru starfsmenn Sjúkra-trygginga Íslands 108 og ársverk 98,6 talsins, en flestir voru í fullu starfi. Fjöldi starfsmanna og fjöldi ársverka hefur verið nánast óbreyttur á undanförunum árum. Meðalaldur starfsfólks er tæplega 48 ár og eru um 60% starfsfólks félagar í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu, um 40% eru félagar í ýmsum háskólafélögum og fáeinir í öðrum stéttarfélögum.






Fjöldi veikindadaga á hvert ársverk var að meðaltali 8,4 dagar (án langtíma-veikinda*) en 10,7 dagar þegar langtíma-veikindi eru talin með. Umfang veikinda (án langtíma-veikinda) hefur verið mjög svipað undanfarin ár, eða í kringum 8 veikindadagar á ári. Starfsmannavelta á árinu 2014 var lítil eða 4,6%, en velta starfsmanna hefur farið lækkandi undanfarin ár.



Árið einkenndist öðru fremur af vinnu í framhaldi af nýjum stofnanasamningum sem gerðir voru undir lok árs 2013 við en einnig var sérstök áhersla á stjórnendur og stjórnendafræðslu.





*Langtíma-veikindi: Meira en 30 veikindadagar á ári.








Lykiltölur 2014




13% landsmanna fór í sjúkrahjálfun 2014



Tauga- og geðlyf eru 34% af lyfjakostnaði sí 2014

Sí greiðir 2.840 m.kr. í tauga- og geðlyf en heildarlyfjakostnaðurinn var 8.389 m.kr.



Talpjálfun

14.931 komur til talpjálfara á árinu 2014. Kynjaskipting er 27/73

Hjálpartæki



35% aukning umsækjanda um hjálpartæki frá árinu 2009

Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2014

- Rammasamningur við sérgreinalækna um lækningar utan sjúkrahúsa. Samningurinn tekur til almennra lyflækna, augnlækna, barnageðlækna, barnalækna, blóðlækna, bæklunarskurðlækna, efnaskipta- og innkirtlalækna, endurhæfingarlækna, geðlækna, gigtarlækna, háls- nef- og eyrnalækna, hjartalækna, húðlækna, krabbameinslækna, kvensjúkdómalækna, lungnalækna, lýtalækna, sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, nýrnalækna, ofnæmis- og ónæmislækna, skurðlækna, smitsjúkdómalækna, svæfingarlækna, taugalækna, þvagfæraskurðlækna og öldrunarlækna.
- Læknafélag Reykjavíkur um aðkomu sérgreinalækna að málefnum er varða rammasamning við sérgreinalækna.
- Barnalæknaþjónustan ehf. um vaktþjónustu í barnalækningum.
- LR f.h. Læknisfræðilegar myndgreiningar um læknisfræðilega myndgreiningu.
- Íslensk myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu.
- Sérfræðingar í líffærameinafræði, sem starfa á Vefjarannsóknastofunni, Álheimum 74 um rannsóknir í líffærameinafræði.
- Rannsóknarstofan í Glæsibæ um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir.
- Rannsóknastofan í Mjódd ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir.
- Ellen Mooney um rannsóknir í húðmeinafræði.
- Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði um lyfja og eiturefnarannsóknir.



- Frumurannsókn ehf. um rannsóknir í frumumeinafræði.
- Krabbameinsfélag Íslands. um rannsóknir í frumumeinafræði.
- Rannsóknastofur Landspítala um rannsóknir í klínískri lífefnafræði, blóðmeinafræði, ónæmisfræði, sýklafræði og veirufræði.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í líffærameinafræði.
- Rammasamningur við smærri stofnanir um rannsóknir sem pantaðar eru af sjálfstætt starfandi læknum.
- Húðlæknaöðin um lasermeðferð.
- Útlitslækning um lasermeðferð.
- LaserSjón ehf. um aðgerðir með excimer leysitækni.
- Sjónlag hf. um aðgerðir með excimer leysitækni.
- Augljós ehf. um aðgerðir með excimer leysitækni.
- LaserSjón ehf. um augasteinsaðgerðir.
- Sjónlag hf. um augasteinsaðgerðir.
- Augnlæknar Reykjavíkur um aðgerðir með leysitækni vegna gláku.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um liðskiptaaðgerðir.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um augasteinsaðgerðir.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í taugalækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í efnaskipta- og innkirtlalækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í skurðlækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um lyfjagjöf í auga.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um kæfisvefnaaðgerðir.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um umsýslu og greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um þjónustu sérfræðings í hjartalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum og geðlækningum.
- Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks um sérfræðiþjónustu í bæklunarskurðlækningum, almennum skurðlækningum, lýta- og þvagfæraskurðlækningum.
- Heilbrigðisstofnun Blönduóss um sérfræðiþjónustu í lungna-, hjarta- og efnaskipta og innkirtlalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í augnlækningum.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í hjarta- og nýrnalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um aðstöðu og svæfingar v/ tannlækninga.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu krabbameinslæknis og kvensjúkdómalæknis.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu sérfræðings í hjartalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu svæfingarlæknis.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um sérfræðiþjónustu í þvagfæraskurðlækningum.

- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um þjónustu sérfræðings í kvenlækningum.
- Læknavaktin um móttökuvakt á höfuðborgarsvæðinu.
- Læknavaktin um vitjanaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi heimilislækna.
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi sjúkrahjálfa um sjúkrahjálfaun.
- Félag sjálfstætt starfandi sjúkrahjálfa um faglegt samstarf.
- Heilbrigðisstofnun um göngudeildarsjúkrahjálfaun á nokkrum heilbrigðisstofnunum.
- Samkomulög við einstaka sjúkrahjálfa til að sinna þjónustu við dreifðar byggðir.
- Sjúkrahjálfaunin Afl um þjálfaun barna með CP.
- Sjálfsbjörg Akureyri um sjúkrahjálfaun.
- Landspítalinn um sjúkrahjálfaun á sjúkrahótelinu.
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Sjúkrahjálfaun Styrkur um innleiðingu hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.
- Rammasamningur við talmeinafræðinga um talmeinaþjónustu.
- Félag talkennara og talmeinafræðinga um faglegt samstarf.
- Samkomulög við einstaka talmeinafræðinga til að sinna þjónustu við dreifðar byggðir.
- Gigtarfélagið um iðjuþjálfaun.
- Sjálfsbjörg Akureyri um iðjuþjálfaun.
- Þraut ehf. um þverfaglega endurhæfingu fyrir einstaklinga með vefjagigt.
- Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg um heimahjúkrun.
- Karitas um sérhæfða líknandi heimahjúkrun.
- Heilsuefningarmiðstöðin um sérhæfða hjúkrunarmeðferð fyrir börn í heimahúsum.
- Heimahlyningur á Akureyri um sérhæfða hjúkrunarmeðferð í heimahúsum.
- Akureyrarbær um heimahjúkrun við heilsugæsluna á Akureyri.
- Landspítali um aðgang að sjúkrahjúkrun, aðgengi að klínískum kerfum og ráðgjöf varðandi meðferð sjúklinga Karitas.
- Landspítali um aðgang að sjúkrahjúkrun fyrir Heilsuefningarmiðstöðina.
- Landspítali um samstarf við heimahjúkrun barna.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um aðstoðu og aðstoð við þjónustu Heimahlyningar á Akureyri.
- Rammasamningur við ljósmæður vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum.
- Rammasamningur við sálfræðinga um sálfræðimeðferð fyrir börn og unglunga.
- BUGL um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Barnspítali Hringisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- SÁÁ um áfengis- og vímuefna meðferð á sjúkrahúsinu Vogu.
- SÁÁ um dagdeildarþjónustu fyrir áfengissjúka.
- Rammasamningur um tannlækningar barna.
- Tannlæknafélag Íslands um tannlækningar barna.
- Tannlæknafélag Íslands um rafræn samskipti og aðgerðaskrá.
- Tannlæknaeild Háskóla Íslands/Landspítali um nauðsynlegar tannlækningar.
- Tannlæknaeild Háskóla Íslands/Landspítali um tannlækningar á göngudeild.
- Tannlækningastofnun HÍ um skoðun sjúklinga í tengslum við athugun á veittri tannlæknaþjónustu.



- Húðlæknastöðin ehf. um ljósmeðferðir vegna húðsjúkdóma.
- Rammasamningur um ljósmeðferðir vegna húðsjúkdóma.
- Landspítali um ökuhæfnismat (endurhæfingardeild Grensási).
- Landspítali um ígræðslu nýrna frá lifandi gjöfum.
- Landspítali um stofnfrumumeðferð.
- Landspítali um innæðaviðgerðir vegna æðagúla í höfði.
- Landspítali um kuðungsígræðslu.
- Landspítali um einingaverð og gjaldskrá v/ verka unnin á dag- og göngudeildum.
- Landspítali um umsýslu og greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja.
- Landspítali um Sjúkrahúsið á Akureyri um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt við notkun nýrra S-merktra lyfja.
- Landspítali um öflun og rekstur rúmmálsstýrðra öndunarvéla í heimahúsum ásamt þjónustu (CPAP, BIPAP).

- Landspítali um vinnureglur um læknismeðferðir barna erlendis.
- Landspítali um heimflutning og gjörgæslu fyrir sjúkratryggða sem sendir hafa verið af Siglinganefnd til Gautaborgar.
- Landspítali um radiofrequency ablation (RFA) meðferð við krabbameini í lifur.
- Landspítali um söfnun og flutning á eitilfrumum frá Svíþjóð til Íslands og um chimerismapróf.
- Landspítali vegna framkvæmdar á samningi SÍ og Sahlgrenska sjúkrahússins í Gautaborg.
- Landspítali um Aortalokuskipti með þræðingartækni.
- Landspítali um Amplatzeraðgerðir.
- Landspítali um innri geislun vegna krabbameins í blöðruhálskirtli.
- Landspítali um að fá sérgreinalækni sem starfar erlendis til að veita meðferð á sjúkrahúsi á Íslands.
- Landspítali um brennsluaðgerð vegna gáttatífi.
- Landspítali um íhluti vegna brennsluaðgerða við gáttatífi.
- Landspítali um ígræðslu á þindargangráði.
- Landspítali um meðferð með brentuximab.
- Landspítali um greiðslur rannsókna sem pantaðar eru af Heilsugæslunni í Salahverfi.
- Landspítali um umsýslu og úthlutun á raförvunartækjum til meðferðar við ökkjalömun.
- Landspítali um endurnýjun á rafhlöðum í sjúklingum með ígrædd rafskaut í heila eða hrygg.
- Landspítali samkomulag vegna samnings SÍ og Skåne Care um hjartaskurðlækningar á börnum.
- Skåne Care AB Lund Sweden um hjartaaðgerðir á börnum.
- Children's Hospital í Boston um meðferð barna.
- Karolinska University Hospital um stofnfrumumeðferð.
- Karolinska University Hospital um meðferð með geislun (Gamma Knife).




- Rikshospitalet í Noregi um Psoriasis meðferð.
- Rigshospitalet í Kaupmannahöfn um þjónustu vegna PET – SCAN.
- Sahlgrenska International Care Gautaborg um líffæragjafir og líffæraíggæðsla.
- Íslenska kirkjan í Svíþjóð um aðstoð við sjúklinga í Gautaborg.
- Ingibjörg Helgadóttir hjúkrunarfræðingur um aðstoð við sjúklinga í Stokkhólmi og nágrenni sem þangað fara á vegum Sjúkratrygginga Íslands.
- Ása Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur um aðstoð við sjúklinga í Lundi og nágrenni frá 1. ágúst 2013.
- Samningar um bæklunarskó ásamt tilheyrandi þjónustu við Orthos ehf., Stoð hf., Stoðtækni og Skósmiðjan ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um spelkur og viðaukasamningur um viðhalds og viðgerðarþjónustu við Stoð hf., Össur Iceland ehf. og Eirberg ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um gervilimi og viðaukasamningur um viðhalds og viðgerðarþjónustu við Stoð hf. og Össur Iceland ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um bað- og salernishjálpartæki við Fastus ehf., Eirberg ehf., Stoð ehf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um sjúkrarúm og fólkslyftara við Eirberg ehf., Fastus ehf., Öryggismiðstöð Íslands hf., Stoð hf og Icepharma.
- Samningar í kjölfar útboðs um vinnustóla og sérstaka barnastóla við Fastus ehf., Eirberg ehf, Stoð hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Samningar í kjölfar útboðs um hjólastóla og gönguhjálpartæki við Fastus ehf., Eirberg ehf., Stoð hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um þvagleggi og þvagvörur við Fastus ehf., Icepharma ehf. og Medor ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um öryggiskallkerfisþjónustu við Securitas ehf., Öryggismiðstöð Íslands hf. og Slökkvilið Ísafjarðar.
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um næringu um slöngu með tilheyrandi fylgihlutum og næringardrykkjum við Icepharma ásamt samningi um dreifingu/afhendingu og leigu og viðhald á dælum til notkunar í heimahúsum.
- Samningur um kaup og þjónustu varðandi amínósýrunæringu við Icepharma ehf.
- Samningur við Ísaga ehf. vegna súrefnisþjónustu í heimahúsum.
- Samningur við Donnu ehf. og Ísaga ehf. um litlar, léttar og hreyfanlegar súrefnissíur.
- Samningur við Landspítala vegna hjúkrunarfræðilegrar ráðgjafar um súrefnisþjónustu í heimahúsum.
- Samkomulag við Landspítala um insúlíndælur (göngudeild sykursjúkra og göngudeild sykursjúkra barna).
- Samkomulag við Landspítala (göngudeild lungna, ofnæmis og gígta) og Lyra sf. um mótefnaskorts dælur.
- Samkomulag við Landspítala um raförvunartæki vegna vandamála í grindarbotni (göngudeild þvagfæraskurðeildar).
- Samkomulag við Landspítala um TNS raförvunartæki (endurhæfingar deild Grensási).
- Samkomulag við Sjúkrahúsið á Akureyri um TNS raförvunartæki (endurhæfingar deild Kristnesi).
- Samkomulag við Stoð hf. um greiðslur fyrir ferðir stoðtækjafraeðinga út á land.
- Samningur við FSA um húsnæðisaðstöðu og hjálpartækjaráðgjöf á Kristnesi.
- Samningar við Rafeyri ehf. á Akureyri og Geisla ehf. í Vestmannaeyjum um viðgerðarþjónustu vegna hjálpartækja.
- Samningur við verktakalækna um mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku af völdum slysa sem bótaskyld eru hjá Sjúkratryggingum Íslands.
- Þórður Harðarson um gerð umsagna vegna tilkynninga um atvik sem bótaskyld kunna að vera.

- Magnús Páll Albertsson um læknisfræðilega ráðgjöf í málum sem varða sjúklingatryggingu.
- Samningur við Endurhæfingu ehf. um ráðgjöf sjúkrabjálfa í setstöðuráðgjafarteymi hjápartækjamiðstöðvar Sí.
- Þjónustusamningur við Reykjalund vegna starfsemi Reykjalundar og Hleinar um endurhæfingu.
- Þjónustusamningur við Náttúrulækningafélag Íslands vegna HNLÍ.
- Þjónustusamningur við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um þjálfun.
- Þjónustusamningur við Endurhæfingu ehf. um sjúkrabjálfun fyrir fatlaða.
- HL stöðin á Akureyri um endurhæfingu og þjálfun.
- HL stöðin í Reykjavík um endurhæfingu og þjálfun.
- Þjónustusamningur við Hjartavernd.
- Þjónustusamningur við Krabbameinsfélagið um krabbameinsleit.
- Þjónustusamningur við Bláa lónið um húðmeðferð fyrir psoriasis- og exemsjúklinga.
- Samningur um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar Salahverfi í Kópavogi.
- Samningur við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um sjúkraflutninga.
- Samningur við Brunavarnir Suðurnesja um sjúkraflutninga á svæði heilbrigðisstofnunar Suðurnesja að undansk. Grindavík.
- Samningur við Akureyrarkaupstað um sjúkraflutninga á svæði heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.
- Þjónustusamningur um sjúkrahótel við Sinnum ehf.
- Samningur við Rauða kross Íslands um útvegum og rekstur bifreiða/tækjabúnaðar til sjúkraflutninga.
- Samningur í kjölfar útboðs við Mýflug um sjúkraflug á Norðursvæði og Vestmannaeyjasvæði.
- Landhelgisgæslan um sjúkraflug með þyrlu.
- Flugfélagið Ernir um tafarlausan sjúkraflutning til útlanda, í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að nýta áætlunarflug.
- Mýflug um tafarlausan sjúkraflutning til útlanda, í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að nýta áætlunarflug.
- Landhelgisgæslan um tafarlausan sjúkraflutning til útlanda, í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að nýta áætlunarflug.
- Flugleiðir um afslátt fyrir sjúklinga á millilandflugi.
- Flugfélag Íslands um sjúkrarúm í innanlandsflugi.
- Akureyrarbær um þjónustu sjúkraflutningsmanna við sjúkraflug með sjúkraflugvélum innanlands.
- Sjúkraflug ehf. um þjónustu fylgdarmanna í áætlunarflugi innanlands.
- Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörður (heilsugæsla og öldrunarþjónusta).
- Samningur við Heimilislæknastöðina hf. um kaup á þjónustu (Heilsugæslustöðin í Lágmúla).
- Samningur við Heimilislæknastöðina hf. um heilbrigðisþjónustu í fangelsum á Reykjavíkursvæðinu.

Greitt skv. reglugerð:

- IVF Iceland um tækniþróunir. Frá 1. október 2011 greitt skv. reglugerð.
- SÁÁ um göngudeildarþjónustu fyrir áfengissjúka. Frá 1. desember 2014 greitt skv. reglugerð.
- Bleiur og tengdar vörur. Frá 5. nóvember 2014 greitt skv. reglugerð og gjaldskrá.
- Akureyrarkaupstaður um öldrunarþjónustu á Akureyri. Greitt skv. reglugerð og gjaldskrá.



TEKI C
TILSVID

PT. 111

Handwritten notes on a yellow sticky note, including the word "Learner" and other illegible text.

Handwritten notes on a yellow sticky note, including the word "Learner" and other illegible text.

Staðtölur

④
TERT
Tím

Þing
átt
þing
Væð

Sjúkratryggingar - Staðtölur 2014

Útgjöld sjúkratrygginga

Tafla 1.1 Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2005-2014, milljónir kr.
Health insurance in comparison with public expenditure on health care 2005-2014, ISK million

	Sjúkratryggingar	Heilbrigðisútgjöld hins opinbera ¹⁾	Hlutfall
	<i>Health insurance</i>	<i>Public expenditure on health care¹⁾</i>	<i>Ratio</i>
2005	14.970	78.807	19,0%
2006	16.229	87.897	18,5%
2007	17.707	98.553	18,0%
2008	22.158	112.154	19,8%
2009	30.837	118.879	25,9%
2010	29.317	115.145	25,5%
2011	29.985	118.563	25,3%
2012	30.935	124.179	24,9%
2013	32.178	132.779	24,2%
2014	34.670	142.823	24,3%


Skýringar:

1) Heimild: Hagstofa Íslands

Notes:

1) Statistics Iceland

Útgjöld sjúkratrygginga sem hlutfall af útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála 2005-2014
Health insurance and public expenditure on health care 2005-2014



Tafla 1.2 Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2010-2014, í milljónum kr.

Health insurance (health care outside institutions) by type of expenditure 2010–2014, ISK million

	2010	2011	2012	2013	2014	
Lækniskostnaður	5.636	5.838	6.140	6.468	7.937	Medical treatment
Almenn læknishjálp ⁷⁾	200	193	220	217	230	General
Sérfræðilæknishjálp ⁸⁾	5.019	5.205	5.513	5.928	7.342	Specialist
Læknisvottorð og annað greitt vegna lækna ¹⁾	9	8	9	12	14	Payments for health certificates issued by doctors
Endurgreiðslur til sjúklinga	409	432	398	311	351	Reimbursement on grounds of discount certificate
Endurgreiðsla v/ sérfræðinga án samnings						Other reimbursement to specialists
Rannsóknir og slysaþofugjöld	266	284	338	359	348	Research and emergency services
Rannsóknir á rannsóknarstofum stofnana	266	284	338	359	348	Research in institutions
Aðrar heilbrigðisstéttir	0	0	1	2	3	Other health professionals
Lyf	9.594	9.333	8.911	8.218	8.389	Medicine
Lyfjabúðir ²⁾	9.594	9.333	8.911	8.218	8.389	Pharmacy
Lyf með S-merkingu ⁶⁾	4.859	5.285	5.882	6.387	6.431	"S-labelled" medications
Hjálpartæki ³⁾	2.696	2.795	3.080	3.213	3.310	Assistive technology equipment
Næring og sérfæði ⁹⁾	265	215	201	215	225	Nutrition and special nourishment
Hjúkrun í heimahúsum	185	201	189	197	202	Home nursing
Þjálfun	1.757	1.748	1.835	1.999	1.988	Rehabilitation and therapy
Sjúkraþjálfun	1.543	1.672	1.720	1.855	1.821	Physical therapy
Iðjuþj., v/afleiðinga alvarl. og langv. sjúkd. og sly	24	23	24	25	28	Occupational therapy
Talþj., v/afleiðinga alvarl. langvinnra sjúkd. og sly	27	36	62	86	103	Speech therapy
Endurhæfing	163	0	0	0	0	Rehabilitation
Endurgreiðslur til sjúklinga	1	0	0	1	0	Reimbursement to patients
Ýmis önnur þjálfun		17	29	32	36	Other therapy
Tannlæknir	1.298	1.323	1.403	1.789	2.447	Dental care for
Tannl. fyrir börn, unglunga, aldraða og öryrkja ⁴⁾	964	966	1.037	1.398	1.892	Children, teenagers, retirement and invalidity pensioners
Tannl. v/alvarl. meðfædd. galla, slysa og fleira	334	357	366	391	555	Connate and chronically ill patients, accident patients
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	373	431	465	715	715	Ambulance service and domestic travel costs of patients
Sjúkraflutningar	66	75	81	274	277	Ambulance service
Ferðakostnaður sjúklinga innanlands	307	356	384	440	438	Domestic travel costs of patients
Brýn meðferð erlendis	1.510	1.613	1.498	1.380	1.297	Treatment abroad, acute
Sjúkdómsmeðferð, brýn erlendis	1.330	1.405	1.305	1.168	1.084	Treatment abroad, acute
Ferðakostn. v/brýnnar sjúkdómsmeðf. erlendis	180	208	193	212	213	Travel costs of patients due to acute treatment abroad
Sjúkrakostnaður v/ veikinda og slysa erlendis	275	243	236	422	430	Treatment abroad because of injuries and sickness
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	46	50	61	188	67	Treatment abroad because of injuries and sickness
Sjúkrahjálp v/gagnkvæmra alþjl. samn. óendurkr.	229	193	175	235	363	Domestic treatment of foreign nationals
Sjúkradagpeningar	190	216	252	272	287	Per-diem sickness benefits
Annað	238	225	251	255	271	Other
Kostn. v. fæðinga og umönnunar sængurkvenna	160	149	173	176	196	Births at home and after birth care at home
Endurgreiðsla umtalsverðs læknis- og lyfjakostna	2	2	0	0	0	Reimbursement of high treatment and drug costs
Sérstök húðsjúkdómameðferð	30	30	32	33	35	Special skin treatment
Áfengis- og fíkniefnameðferð, göngudeildarþjóni	40	40	42	42	13	Alcohol and drug treatment, outpatient ward
Hreyfiseðlar					22	
Kostnaður ótalinn annars staðar	6	5	4	3	6	Other
Sjúkrakostn. innlendir LSH / Beinmergs-, nýrnaigræðsla ofl.	176	236	252	285	388	Treatment by LSH / bone marrow and kidney transplant etc.
Samtals	29.317	29.985	30.935	32.178	34.670	Total expenditure
Sértekjur: Framlög frá A-hluta stofnnum	147					
Gjöld umfram sértekjur	29.170					

Skýringar:

- 1) Reglur um greiðslur fyrir læknisvottorð hafa breyst mikið á tímabilinu.
- 2) Lyf til lyfjabúða ásamt endurgreiðslu til sjúklinga.
- 3) Ný reglugerð um bílakaupastyrki frá og með janúar 2009.
- 4) Reglum um þátttöku í tannlæknakostnaði var breytt talsvert í lok árs 2009.
- 5) Varðandi breytingar milli áramna 2008 og 2009 sjá skýringu 10. í ársreikningi sjúkratrygginga 2009.
- 6) S merkt lyf. Lyfsem eru eingöngu notuð á eða í tengslum við sjúkrastofnun.
- 7) Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis sá um greiðslur 2007 og 2008. Sí tók aftur við greiðslum 2009.
- 8) Frá 1. apríl 2011 eru sérgeinalæknar ekki með samning við Sí.
- 9) Breyting á reglugerð um styrki til kaupa á næringarefnum og séræði 1. jan. 2011.

Notes:

- 1) Rules regarding payments for health certificate, issued by doctors have changed a lot in recent years.
- 2) Drugs to pharmacies with refunds to patients.
- 3) According to regulation dated January 1st. 2003 and January 2009.
- 4) Rules on patients participation in dental care changed in 1999 and again in 2009.
- 5) Regarding changes from 2008 to 2009 see explanation nr 10 in annual report 2009.
- 6) "S-labelled" medications are those used in outpatient care and only intended for hospital use and are specially provided for in the State Budget.
- 7) Primary Health Care of the Capital Area was in charge of payments 2007 and 2008. IHI commenced payments in 2009.
- 8) From 1st of April 2011 contracts between the Icelandic Health Insurance and specialists are no longer in effect.
- 9) Change in regulation dated January 1st. 2011 regarding nutrition and special nourishment.
- 10) Social Insurance Administration has taken over the jurisdiction from 1. January 2012

Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2012-2014, millj. kr.

Drug expenditure by ATC-group 2012-2014, million ISK

Breyting 2013-2014
millj. kr. %Change 2013-2014
million ISK %


Lyfjaflokkur (ATC)	2012	2013	2014			Category
A Meltingafæra- og efnaskiptalyf	1.232	1.147	1.157	10	1%	Alimentary tract and metabolism
B Blóðlyf	266	344	437	92	27%	Blood and blood forming organs
C Hjarta- og æðasjúkdómalyf	762	729	924	195	27%	Cardiovascular system
D Húðlyf	157	130	126	-4	-3%	Dermatologicals
G Þvagfæra- og kvensjúkdómalyf og kynhormónar	658	572	573	1	0%	Genito urinary system and sex hormones
H Hormónalyf önnur en kynhormónar	170	193	255	62	32%	Systemic hormonal preparations
J Sýkingalyf	97	89	113	24	27%	Antiinfectives for systemic use
L Æxlisemjandi- og ónæmislyf	494	436	398	-38	-9%	Antineoplastic and immunomodulating agents
M Vöðvasjúkdóma- og beinagrindalyf	319	308	338	30	10%	Musculo-skeletal system
N Tauga- og geðlyf	3.369	3.006	2.840	-166	-6%	Nervous system
P Sníklalyf	7	7	10	3	36%	Antiparasitica
R Öndunarfæralyf	1.071	996	968	-28	-3%	Respiratory system
S Augn- og eyrnalyf	271	221	206	-15	-7%	Sensory organs
V Ýmis lyf	39	40	46	6	14%	Various
Lyfjaútgjöld samtals	8.911	8.218	8.389	171	2%	Total drug expenditure

Skýring: Greining kostnaðar er byggð á gögnum úr tölfraeðgagnagrunni Sí.

Note: Expenditure analysis is based on data from Icelandic Health Insurance (IHI) Database.

Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2012-2014, millj.kr.

Drug expenditure by ATC-group 2012-2014, million ISK



Tafla 1.4 Lyfjaútgjöld SÍ, 25 kostnaðarsömum tu lyfjaflokkarnir 2013-2014, millj. kr.


Drug expenditure by SÍ, the 25 top selling ATC group 2013-2014, million ISK

Lyfjaflokkur (ATC)	2013	Röð	2014	Breytingar frá fyrra ári, millj.kr. %		Category
				Röð	%	
				Change from last year,		
				Röð	million ISK	%
Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	N06B	880 (1)	762 (1)	-118	-13,4	Psychostimulants, agents used for ADHD and nootropics
Adrenvirk lyf til innúðunar	R03A	590 (3)	581 (2)	-9	-1,5	Adrenergics, inhalants
Flogaveikilyf	N03A	600 (2)	569 (3)	-31	-5,1	Antiepileptics
Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	N05A	528 (4)	482 (4)	-46	-8,8	Antipsychotics
Þunglyndislyf (antidepressiva)	N06A	370 (5)	403 (5)	32	8,7	Antidepressants
Insúlín og skyld lyf	A10A	266 (8)	335 (6)	69	26,1	Insulins and analogues
Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín	A10B	332 (6)	290 (7)	-42	-12,6	Blood glucose lowering drugs, excl. insulins
Segavarnalyf	B01A	279 (7)	280 (8)	1	0,5	Antithrombotic agents
Lyf til ónæmisbælingar	L04A	213 (11)	262 (9)	48	22,7	Immunosuppressants
Önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	R03B	255 (9)	247 (10)	-8	-3,1	Other drugs for obstructive airway diseases, inhalants
Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	A02B	207 (12)	227 (11)	20	9,7	Drugs for peptic ulcer and gastro-oesophageal reflux disease (gord)
Bólguæyðandi lyf, nema barksterar	M01A	247 (10)	220 (12)	-27	-11,0	Antiinflammatory and antirheumatic products, non-steroids
Dópamínvirk lyf	N04B	182 (14)	195 (13)	13	7,4	Dopaminergic agents
Ópíóíðar	N02A	128 (18)	181 (14)	53	41,3	Opioids
Gláku- og ljósopsþrenngjandi lyf	S01E	110 (20)	178 (15)	67	61,1	Anticlaucoma preparations and miotics
Önnur þvagfærallyf, þ.á.m. krampalosandi lyf	G04B	190 (13)	171 (16)	-19	-9,7	Other urologicals, incl. antispasmodics
Lyf gegn þarmabólgu	A07E	150 (16)	142 (17)	-8	-5,2	Gonadotropins and other ovulation stimulants
Beta-blokkarar, óblandaðir	C07A	162 (15)	134 (18)	-28	-17,4	Beta blocking agents
Gónadótrópín og önnur lyf með örvandi áhrif á egglos	G03G	132 (17)	120 (19)	-12	-9,2	Gonadotropins and other ovulation stimulants
Lyf til temprunar á blóðfitu	C10A	87 (23)	115 (20)	29	33,1	Lipid modifying agents, plain
Hormónar og skyld efni	L02A	90 (22)	111 (21)	21	23,7	Hormones and related agents
Östrógen	G03C	80 (26)	96 (22)	16	19,9	Estrogens
Barksterar, óblönduð lyf, einnig til staðbundinnar innstungu	H02A	100 (21)	92 (23)	-9	-8,7	Corticosteroids for systemic use, plain
Andrógen	G03B	126 (19)	89 (24)	-36	-28,8	Androgens
Lyf við heilabilun (anti-dementia drugs)	N06D	65 (29)	83 (25)	18	27,2	Anti-dementia drugs
Samtals		6.370	6.367	-3	-0,1	Total drug expenditure


Tafla 1.5 Lyfjaútgjöld og greiðsluþátttaka SÍ eftir kyni og aldri 2013-2014*Drug expenditure and reimbursement by IHI by sex and age 2013-2014*

Aldursbil	Greiðsla SÍ/1000 íbúa á dag per. aldursbil árið 2013		Greiðsla SÍ/1000 íbúa á dag per. aldursbil árið 2014		Reiknuð greiðsluþátttaka SÍ 2014 m.v. hámarksverð		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Samtals
<i>Age group</i>	<i>Expenditure IHI/1000 inhabitants per day per age group 2013</i>		<i>Expenditure IHI/1000 inhabitants per day per age group 2014</i>		<i>Calculated IHI expenditure 2014 with reference to maximum retail price</i>		
	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Total</i>
0 -4	8.927	9.123	9.208	9.548	37%	40%	38%
5 -9	28.902	12.475	24.805	11.016	68%	57%	64%
10 -14	56.516	24.159	46.132	20.786	75%	63%	71%
15-19	37.381	31.525	32.139	27.182	65%	43%	53%
20 -24	26.962	26.214	24.241	22.819	58%	34%	43%
25 -29	28.714	35.696	26.305	32.017	56%	43%	48%
30 -34	38.781	48.037	32.231	43.311	56%	49%	52%
35 -39	42.072	60.396	41.960	53.938	58%	52%	55%
40 -44	45.391	66.688	41.984	59.569	55%	53%	54%
45 -49	55.658	71.618	52.205	69.978	56%	55%	56%
50 -54	72.174	89.130	68.051	92.012	57%	58%	58%
55 -59	87.733	108.072	86.460	111.143	58%	59%	59%
60 -64	113.560	130.036	121.123	129.549	61%	59%	60%
65 -69	171.893	185.439	164.994	176.356	66%	66%	66%
70 -74	221.175	225.682	217.775	215.030	70%	69%	70%
75 -79	243.399	216.246	230.915	210.327	66%	68%	67%
80 -84	246.605	204.222	236.559	203.827	72%	67%	70%
85 og eldri	197.325	135.251	184.442	136.750	70%	64%	67%
			Samtals		62,2%	57,6%	59,8%

Greiðsla SÍ árið 2014 á 1000 íbúa á dag, eftir kyni og aldri
Reimbursement 2014 by the IHI per 1000 inhabitants per day



Reiknuð greiðsluþátttaka SÍ 2014, eftir kyni og aldri, m.v. hámarksverð
Calculated reimbursement 2014 by SÍ, with reference to maximal retail price




Tafla 1.6 Lyfjaútgjöld SÍ í fjórum kostnaðarmestu lyfjaflokkunum eftir aldri og kyni, kr.

Drug expenditure by the SSSI in the four most costly ATC-group by sex and age


Aldursbil Age distribution	A - Meltingafæra- og efnaskiptalyf		C - Hjarta- og æðasjúkdómalyf		N - Tauga- og geðlyf		R - Öndunarfæralyf	
	Greiðsla SÍ/1000 íbúa á dag		Greiðsla SÍ/1000 íbúa á dag		Greiðsla SÍ/1000 íbúa á dag		Greiðsla SÍ/1000 íbúa á dag	
	Reimbursement by the SSSI /1000 inhabitants per day		Reimbursement by the SSSI /1000 inhabitants per day		Reimbursement by the SSSI /1000 inhabitants per day		Reimbursement by the SSSI /1000 inhabitants per day	
	kr.		kr.		kr.		kr.	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
	Men	Women	Men	Women	Men	Women	Men	Women
0-4	916	883	342	1.072	1.544	937	2.705	2.301
5-9	813	619	288	208	16.809	6.427	1.850	1.009
10-14	1.740	1.649	314	208	38.236	14.098	1.836	1.449
15-19	2.498	4.719	263	198	21.931	14.098	2.654	2.513
20-24	3.069	2.243	176	187	14.843	13.312	1.582	2.452
25-29	2.447	2.881	223	302	17.048	16.833	2.650	2.360
30-34	4.034	3.350	433	894	20.789	19.930	2.548	3.265
35-39	7.536	4.324	1.089	1.078	23.080	26.597	2.720	3.556
40-44	5.852	6.833	1.905	2.038	21.008	25.631	3.467	5.378
45-49	7.564	8.382	3.806	3.338	22.665	32.212	4.082	7.375
50-54	12.820	12.545	7.732	5.831	23.766	37.565	6.210	11.424
55-59	16.320	16.232	11.827	9.881	28.194	35.020	7.721	16.255
60-64	21.985	20.076	20.823	15.055	29.414	34.413	13.555	21.199
65-69	32.875	23.971	30.666	24.291	30.564	39.479	18.472	29.842
70-74	34.547	29.474	40.682	34.049	31.650	42.944	26.414	38.644
75-79	38.255	28.148	44.475	37.685	34.681	38.726	26.853	34.152
80-84	29.105	27.479	45.541	40.476	29.655	36.741	25.896	28.474
85 og eldri	21.569	17.416	35.801	32.442	22.855	23.302	19.017	13.527

A - Meltingarfæra- og efnaskiptalyf Greiðsla SÍ á íbúa á dag, eftir kyni og aldri




C - Hjarta- og æðasjúkdómalyf
Greiðsla SÍ á 1000 íbúa á dag, eftir kyni

kr.




N - Tauga- og geðlyf
Greiðsla SÍ á 1000 íbúa á dag, eftir kyni og aldri

kr.



R - Öndunarfæralyf
Greiðsla SÍ á 1000 íbúa á dag, eftir kyni og aldri

kr.



Tafla 1.7 Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2014
Social expenditure on specialist care outside institutions, number of specialists, visits and payments by type of speciality 2014

Sérgreinar	Fjöldi sérgreinalækna ¹⁾	Komur	Heildarútgjöld v/sérgreinalækna án afsláttar	Samningsbundinn afsl. við sérgreinalækna	Útgjöld sérgreinalækna þjónustu	Útgjöld Sí v. kaupna á sérgreinalækna þjónustu	Heildar útgjöld sérgreinalækna á komu	Útgjöld hjúklinga á komu	Útgjöld á komu hlutfallsleg skipting: sjúklingur Sí	Expenditure payment per visit: IHI	%	Specialities
Augnlækna	33	67.515	730.378	6.499	231.311	492.568	10.722	3.426	7.296	32,0%	68,0%	Ophthalmologists
Barnalækna ³⁾	39	55.820	596.056	144	52.067	543.845	10.676	933	9.743	8,7%	91,3%	Paediatricians
Bæklunarlækna	27	34.975	769.933	16.698	200.323	552.912	21.536	5.728	15.809	26,6%	73,4%	Orthopaedic surgeons
Geðlækna	31	32.781	472.641	970	138.138	333.533	14.389	4.214	10.175	29,3%	70,7%	Psychiatrists
Barna- og unglingsgeðlækna	5	5.092	94.858		6.551	88.306	18.629	1.287	17.342	6,9%	93,1%	Paediatric psychiatrists
Háls-, nef- og eyrnalækna	19	42.267	510.347	7.959	134.866	367.521	11.886	3.191	8.695	26,8%	73,2%	Ear, nose and throat specialists
Húðlækna	17	48.289	428.896	7.192	194.884	226.820	8.733	4.036	4.697	46,2%	53,8%	Dermatologists
Kvensjúkdómalækna	29	33.823	397.059		216.303	180.756	11.739	6.395	5.344	54,5%	45,5%	Gynaecologists
Lyfl. blóðmeinafræðingar	3	5.399	55.276		21.240	34.036	10.238	3.934	6.304	38,4%	61,6%	Internists
Lyfl. efnaskiptalækna	7	5.674	56.020		23.224	32.796	9.873	4.093	5.780	41,5%	58,5%	Medicine Endocrinologist
Lyfl. gígartalækna	8	12.294	118.163	914	43.486	73.762	9.537	3.537	6.000	37,1%	62,9%	Medicine Rheumatologist
Lyfl. hjartalækna	28	39.941	563.495	2.174	171.392	389.929	14.054	4.291	9.763	30,5%	69,5%	Medicine Cardiologist
Lyfl. lungnalækna	8	6.804	80.281		26.995	53.286	11.799	3.968	7.832	33,6%	66,4%	Medicine and pulmonologist
Lyfl. meltingarlækna / speglamir	14	17.946	507.306	4.093	170.387	332.825	28.040	9.494	18.546	33,9%	66,1%	Medicine Gastroenterologist
Lyfl. nýrnalækna	2	1.242	13.872		4.068	9.804	11.169	3.275	7.894	29,3%	70,7%	Medicine Nephrologist
Lyfl. ofín- og ónæmslækna	3	4.038	70.901	56	28.553	42.292	17.545	7.071	10.473	40,3%	59,7%	Medicine Allergy- / Immunologist
Skurðlækna	16	15.341	357.661	11.688	91.645	254.329	22.552	5.974	16.578	26,5%	73,5%	Surgeons
Svæfingarlækna ²⁾	21	14.014	738.918	47.600	112.697	578.622	49.331	8.042	41.289	16,3%	83,7%	Anaesthesiologists
Krabbameinslækna	5	2.669	26.236		7.678	18.558	9.830	2.877	6.953	29,3%	70,7%	Oncologists
T augalækna	6	5.104	79.431	256	16.814	62.361	15.512	3.294	12.218	21,2%	78,8%	Neurologists
Þvagfæralækna	10	15.634	251.426	219	73.766	177.441	16.068	4.718	11.350	29,4%	70,6%	Urologists
Öldrumarlækna	4	1.289	20.520		3.004	17.516	15.920	2.331	13.589	14,6%	85,4%	Geriatricians
Lýtalækna	8	7.617	146.894	585	49.796	96.513	19.208	6.538	12.671	34,0%	66,0%	Plastic surgeons
Samtals klínískir lækna	343	475.568	7.086.568	107.047	2.019.189	4.960.331	14.676	4.246	10.430	28,9%	71,1%	Total clinical doctors

Frh. tafla 1.7 Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2014
Social expenditure on specialist care outside institutions, number of specialists, visits and payments by type of speciality 2014

	Fjöldi sérgreinalækna ¹⁾	Komur sérgreinalækna	Heildarútgjöld v/sérgreinalækna við sérgreinalækna án afsláttar	Samningsbundinn afsl. sérgreinalækna	Útgjöld sjúklings v. kaupá sérgreinalækna	Útgjöld v. kaupá sérgreinalækna	Heildarútgjöld sérgreinalækna á komu á komu	Útgjöld hlutfallsleg skipting: sjúklingur Sí	Útgjöld á komu			
										Number of specialists	Visits	expenditure/ payments to specialists
			<i>Þús. kr.</i>	<i>Þús. kr.</i>	<i>Thousand ISK</i>	<i>Kr.</i>	<i>ISK</i>	<i>Kr.</i>	<i>%</i>	<i>Specialities</i>		
Sérgreinar												
Augn-Laser v/igläku	1	24	1.087		124	45.300	5.158	40.142	11,4%	88,6%	Special Eye Laser	
Augast einaaðgerðir ⁴⁾	3	2.406	64.945	252	9.810	26.888	4.077	22.811	15,2%	84,8%	Treatments for lens disorders	
Tæknifjórþing	1	204	44.739		15.659	219.308	76.758	142.550	35,0%	65,0%	In Vitro fertilisation	
Þraut, þverfagleg greining og ráðgj.	1	292	21.402		6.052	73.295	20.725	52.570	28,3%	71,7%	Þraut, new agreement/contract	
Laser v/augnlækninga	3	28	5.450	63	1.347	192.412	48.108	144.305	25,0%	75,0%	Laser treatment, eyes	
Laser v/húðlækninga	2	2.061	41.550	3.796	12.365	18.319	5.999	12.319	32,7%	67,3%	Laser treatment, skin	
Samtals Laser	5	2.089	47.001	3.859	13.712	20.652	6.564	14.088	31,8%	68,2%	Total Laser treatment	
Rannsóknir á stofum	4	75.858	928.165	41.219	96.922	11.692	1.278	10.415	10,9%	89,1%	Clinical pathologists	
Rannsóknir utan stofa:												
Rannsóknir LSH ⁵⁾⁶⁾	1	75.280	358.945		41.845	317.100	4.768	4.212	11,7%	88,3%	Laboratory research overall LSH	
Rannsóknir á sjúkráhusum ⁶⁾	11	6.397	57.159	32	6.993	8.930	1.093	7.837	12,2%	87,8%	Laboratory research at hospitals	
Samtals Rannsóknir utan stofa	12	81.677	416.104	32	48.838	367.234	5.094	4.496	11,7%	88,3%	Total laboratory research	
Röntgenstofur	2	59.517	1.203.046	18.677	354.522	19.900	5.957	13.943	29,9%	70,1%	Radiologists/clinics	
Ýmsir samn. v/sjúkrastofnana, annað en rannsóknir	25	21.291	216.293	13.267	44.144	9.536	2.073	7.462	21,7%	78,3%	Contracts w/health institution, other than laboratory research	
